

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Umhverfisstofnunar frá 6. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjórsárdalinn.

Ráðuneytið gerir örfáar athugasemdir við tillöguna:

- Á bls. 10 er fjallað um eignarhald og umsjón. Samþykki forsætisráðuneytisins þarf fyrir leyfisveitingu sveitarfélagsins á svæðinu, sé nýtingin fyrirhuguð til lengri tíma en eins árs skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 59/1998, þrátt fyrir að sveitarfélagið fari með skipulagsvald á svæðinu. Ráðuneytið veitir samt sem áður leyfi fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindum og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.
- Á bls. 11 er fjallað um lagalegan og stjórnsýslulegan ramma. Þar þarf að uppfæra textann. Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindum og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Leyfisveiting (ráðuneytisins) fyrir námum og öðrum jarðefnum er dottin út og færðist hún sveitarfélaganna með lagabreytingu fyrir nokkrum árum. Það eru því sveitarfélögin sem veita leyfi fyrir nýtingu á námum og öðrum jarðefnum en þó þarf samþykki ráðuneytisins fyrir þeirri nýtingu (innan þjóðlenda) óháð tímalengd.
- Á bls. 20 er fjallað um skipulag svæðisins. Ráðuneytið leggur áherslu á að gott samstarf verði við ráðuneytið vegna skipulagsvinnu á svæðinu. Ráðuneytið verður jú, eins og áður hefur komið fram að veita samþykki fyrir leyfisveitingu sveitarfélagsins á svæðinu, sé nýtingin fyrirhuguð til lengri tíma en eins árs skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 59/1998, auk þess sem ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindum og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

•

Í stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum koma fram leiðbeinandi sjónarmið sem rétt er að taka mið af við útfærslu uppbyggingar á einstökum svæðum. Má þar nefna mikilvægi þess að standa vörð um óbyggð víðerni og að á miðhálendinu sé uppbygging ferðamannaaðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálendisins og meginleiðum. Það gildir sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Þar sem slíkt er ekki mögulegt sé þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun og feli þá einvörðungu í sér takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem skála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir.

Með fyrirvara um þessi sjónarmið og nánari útfærslu og umfang einstakra mannvirkja á hverju og einu svæði, sem mun koma til skoðunar í ráðuneytinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, gerir ráðuneytið ekki frekari athugasemdir við tillögu stjórnunar- og verndaráætlun í Þjósárdal, en tekur fram að mikilvægt sé að áfram verði haft samráð við ráðuneytið ef kemur til frekari skipulagsvinnu á svæðinu.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Með kveðju, Regína

Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office

Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnsýslu / Department of Constitutional and Administrative Affairs

Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400

www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)